

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 20. nóvember 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Efni fundarins sem var óformlegur vinnufundur var að móta áherslur og stefnu í eftirfarandi áherslumálum sveitarfélagsins:

1. Almenn atriði - framkvæmdir
2. Fjármál
3. Upplýsingagjöf

1. Almenn atriði - framkvæmdir**• Menntamál**

Stefnt verði að því að koma upp fjarnámsmiðstöð fyrir fólk á framhalds – og háskólastigi. Sköpuð verði aðstaða þar sem til staðar verði tölvubúnaður og önnur aðstaða sem til þarf til að búa fólki góða fjarnámsaðstöðu. Ákveðið að kom á fót starfshóp sem stýrði verkefninu. Hugmyndir komu fram um að hópurinn tæki m.a. afstöðu til hvar aðstaða verði sköpuð og hvaða búnað þurfi að setja upp. Sett fram hugmynd um að starfshópur skili niðurstöðum sínum fyrir 1. febrúar 2003. Í vinnuhóp um málið voru skipaðar:

Birna Sveinsdóttir
Bryndís B. Guðjónsdóttir
Jensína Lýðsdóttir

• Æskulýðsmál

Ákveðið að beina því til æskulýðs og íþróttanefndar að móta tillögur að fyrirkomulagi æskulýðsstarf á Skagaströnd þar sem m.a. verði leitað leiða til að samþætta félagsstarf grunnskólans við aðra félagsstrarfsemi unglinga þ.m.t félagsmiðstöðina Undirheima.

Sveitarstjóra falið að fylgja eftir að greinargerð verði gerð um málið sem lögð verði fyrir hreppsnefnd.

• Fráveitumál

Ákveðið að endurmeta skýrslu Þráins Ragnarssonar mtt. Kostnaðar og nýrra krafna eða tímasetningar. Sveitarstjóra falið að leita samráðs við verkfræðisofu um málið og leggja niðurstöður fyrir hreppsnefnd.

• Hitaveitumál

Ákveðið að næstu skref í jarðhitaleit verði tekin í samráði við vísindamenn. Viðræður verði teknar við hitaveitu Blönduóss um möguleika á tengingu til Skagastrandar. Oddvita og sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við fulltrúa Blönduóss um hvort einhver flötur sé á tengingu við hitaveitu Blönduóss.

- *Gatnagerð*

Gerð verði úttekt á brýnustu þörfum á viðhaldi gatna og gangstétta og í ljósi þeirrar úttekta verði verkefnum forgangsraðað. Ákveðið að stilla upp verkefnalista í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar 2003 og þá verði gerð þriggja ára áætlun um framkvæmdir. Sveitarstjóra falið að láta vinna kostnaðaráætlun um brýnustu framkvæmdir í gatnagerð.

- *Sumarhús*

Könnun verði gerð á möguleikum þess að byggja sumarhús til útleigu við eða í þéttbýlinu á Skagaströnd. Ákveðið að setja þriggja manna starfshópi í verkefnið sem geri tillögur um umfang, leggi mat á kostnað og rekstrarforsendur. Hópurinn hafi jafnframt það hlutverk að finna samstarfsaðila að verkefninu ef það lítur út fyrir að vera framkvæmanlegt. Starfshópur um málið skili niðurstöðum sínum til hreppsnefndar fyrir 1. febrúar 2003. Í starfshóp um málið voru skipaðir:

Adolf H. Berndsen
Gunnar Þór Gunnarsson
Hallbjörn Björnsson

- *Viðhald eigna*

Lögð verði áhersla á viðhald eigna sveitarfélagsins. Ákveðið að hefja markvissar aðgerðir á árinu 2003 og verkefnum verði forgangsraðað í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna forgangslista og kostnaðaráætlun fyrir viðhald eigna sveitarfélagsins.

- *Hafnamál*

Unnið verði að uppbyggingu og endurbótum á Skagastrandarhöfn og leitast við að þróa hafnaraðstöðuna í takt við breytingar í skipastól og útgerðarháttum. Lögð var áhersla á bættu umgengi og þrifnað á hafnarsvæðinu.

- *Heilsugæslumál.*

Lögð verði þung áhersla á byggingu heilsugæslu á Skagaströnd og leitað leiða til að koma þeirri framkvæmd af stað á næstu tveimur árum. Oddvita og sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir í samstarfi við framkvæmdastjóra héraðsnefndar.

- *Annað*

Áhersla verði lögð á að móta starfsmannastefnu og m.a. að kannað hvort forsendur séu til stofnunar starfsmannafélags sveitarfélagsins.

2. Fjármál

- *Uppgjör*

Stefnt verði að því að hreppsnefnd taki til umfjöllunar þriggja mánaða uppgjör frá áramótum 2003.

- *Innheimtumál*

Stefnt að ákveðnari innheimtuaðgerðum með samningum við Intrum og aukin áhersla verði lögð á að tekjustofna sé gætt.

- *Hlutabréf*

Hlutabréfaeign sveitarfélagsins verði í sífelldri endurskoðun og aðstæður metnar með tilliti til hagsmuna samfélagsins.

3. Upplýsingagjöf

Skagaströnd.is

Ákveðið að gera heimasíðu Höfðahrepps að lifandi vef. Sveitarstjóra falið að láta endurgera vefinn og stefnt að því að hann verði opnaður í nýju formi ekki síðar en í febrúar 2003.

Borgarafundir

Samkomulag um að borgarafundir verði ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)